

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 294/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1540 frá 25. júlí 2023 um breytingu og leiðréttingu á ákvörðun (ESB) 2021/1870 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna snyrtivara og vara til dýraumhirðu ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 2y (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1870) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32023 D 1540:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1540 frá 25. júlí 2023 (Stjtið. ESB L 187, 26.7.2023, bls. 76).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2023/1540, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 187, 26.7.2023, bls. 76.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður